

39

5. apríl

L Ö G

um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki
sunnan Sauðár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar veitist heimild til að láta taka eignarnámi túnlóðir og óbyggðar lóðir á verzlunarlóð bæjarins sunnan Sauðár (árinnar).

Land það eða lóðir, er Sauðárkrókskaupstaður eignast samkvæmt eignarnámi þessu, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja.

2. gr.

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

40

5. apríl

L Ö G

um kauprétt á jörðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Jörð merkir í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleigu utan kaupstaða og kaптúna, sem sérstaklega er metið til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er í fasteignamatsbók eða metið sem jörð í millimati.

2. gr.

Sveitarstjórn hvers hrepps skal hafa forkaupsrétt á þeim jörðum innan hreppsins, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign, með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. og síðari málsg. þessarar greinar. Sama gildir, ef seldur er hluti af jörð, afréttarlönd, óbyggðar lendur, ítök, skógar, vatnsnot, jarðhiti og hvers konar veiðiréttindi eða önnur gæði, sem skilin eru eða skilin verða frá jörð. Þessi forkaupsréttur sveitarstjórnar er í því fölginn, að hún skal jafnan eiga kost á að ganga fyrir um kaup á jörðum eða jarðarhlutum innan hreppsins við því verði, greiðslukjörum og öðrum skilmálum, er seljandi þeirra getur fengið fyrir þær á hverjum tíma.